

**Ed.**

**692. Nefndarálit**

um frv. til.l. um viðauka við l. nr. 91 14. maí 1940, um húsaleigu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað mál þetta og rætt við kauplagsnefnd og forstöðumann hagstofunnar um efni þess og orðalag. Nefndin hefur komið að þeirri niðurstöðu um leið og hún lýsir sig málinu fylgjandi, að nauðsyn beri til að breyta orðalagi 1. málsg. 1. gr. og gera skýrari ákvæði hennar. Telur nefndin nauðsynlegt, að ráðherra sá, er málið heyrir undir, ákveði hlutfallið milli húsaleigu og viðhaldskostnaðar, að fengnum tillögum húsaleigunefndar, sem aðstöðu sinnar vegna ber að gæta hagsmuna beggja, húseigenda og leigjenda. Þá er lagt til, að nokkur fyrirvari sé fyrir kauplagsnefnd og hagstofuna til að ákveða vísitöluna áður en hún kemur til framkvæmda. Að öðru leyti er efni greinarinnar að mestu óbreytt. — Einn nefndarmanna (MG) skrifar undir með fyrirvara.

Nefndin mælir því með frv. með svo hljóðandi

**BREYTINGU:**

Við 1. gr. Fyrsta málsg. orðist svo:

Óheimilt er að hækka húsaleigu eftir húsnæði frá því, sem goldið og umsamið var hinn 14. maí 1940, nema sem svarar auknum viðhaldskostnaði, samkvæmt eftirfarandi ákvæðum:

Félagsmálaráðherra ákveður, að fengnum tillögum húsaleigunefndar, hlutfallið á milli húsaleigu og viðhaldskostnaðar. Kauplagsnefnd skal, með aðstoð hagstofunnar, reikna út hækkun viðhaldskostnaðar tvisvar á ári, 1. maí og 1. sept., miðað við mánuðina jan.—marz 1939. Síðan reiknar nefndin út húsaleiguvísitölu samkvæmt framansögðu. Er heimilt að hækka húsaleigu í samræmi við vísitölu þessa 14. maí og 1. okt., enda sé leigumálinn staðfestur af húsaleigunefnd.

Alþingi, 29. maí 1941.

Sigurjón Á. Ólafsson,  
form., frsm.

Ingvar Pálmason,  
fundaskr.

Magnús Gíslason,  
með fyrirv.